

**Nd.**

**145. Frumvarp til laga**

[92. mál]

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmenn, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

2. gr.

Fyrri málsgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmenn skulu vera véla- eða efnaverkræðingar, en skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, er öryggismálastjóri gerir um þekkingu.

3. gr.

Síðasta málsgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn eftirlitsins skulu skyldir að kenna við skóla landsins án aukagreiðslu varnir gegn slysum og um óhollustu við vinnu, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og skipaskoðunarstjóra.

4. gr.

Fyrri málsgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, véla og vinnustaða, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra. Þegar að lokinni skoðun samkvæmt 35. gr. ár hvert má innheimta eftirlitsgjaldið. Lögreglustjórar innheimta eftirlitsgjöld, en í Reykjavík tollstjóri. Eftirlitsgjald má taka lög-taki.

Greinargerð.

Iðnaðarmálaráðherra hefur óskað þess, að iðnaðarnefnd flytti frv. þetta. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Um 1. gr.

Þegar ráða skyldi fasta starfsmenn til eftirlitsins, þótti nokkur vafi leika á því, hvort öryggiseftirlitsmaður skyldi vera aðeins einn eða þeir skyldu vera fleiri.

Í 32. gr. gildandi laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum er aðeins nefndur öryggiseftirlitsmaður og aftur í 33. gr. Í 34. gr. er talað um öryggiseftirlitsmenn og aftur í 4. málsg. 42. gr.

Það er augljóst mál, að fjöldi öryggiseftirlitsmanna hlýtur hverju sinni að fara eftir þörfum eftirlitsins og nú þegar nauðsynlegt, að þeir séu að minnsta kosti tveir, enda hefur ráðuneytið fallizt á það.

#### Um 2. gr.

Það, að í stað orðsins „öryggiseftirlitsmaður“ í 32. og 33. gr. komi „öryggiseftirlitsmenn“, er skýrt með því, sem sagt er hér að framan. Hefði í greininni átt að standa „véla- eða efnafræðingar“, er síðari málsgreinin út í bláinn, með því að báðir starfsmenn verksmiðju- og vélaeftirlitsins voru vélfræðingar, þegar frumvarpið var upphaflega lagt fram á Alþingi.

Í lögum nr. 24 10. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsa-meistara eða iðnfræðinga, er verulegur munur gerður á vélfræðingi og vélaverkfræðingi. Í samræmi við það er sýnilega ætlað til, að í greininni skuli standa „véla-eða efnaverkerfræðingar“, enda þá í samræmi við síðari málsgrein greinarinnar.

#### Um 3. gr.

Með því að verksmiðju- og vélaeftirlitið er lagt niður með gildistöku laganna, sbr. 48. gr., er þessi breyting eðlileg.

#### Um 4. gr.

Grein þessi er allmikið breytt frá því, sem hún var í frumvarpinu frá nefnd þeirri, sem það samdi, og mun ætlun löggjafans hafa verið sú, að starfsmenn eftirlitsins innheimtu gjöldin. Fjármálaráðuneytið hefur ekki viljað fallast á það innheimtufyrirkomulag, en hins vegar eru gjöldin ekki kræf fyrr en eftirlitið hefur gefið út skoðunarvottorð, en það skal ekki gefið út fyrr en bætt hefur verið úr þeim ágöllum, sem kunna að hafa á verið. Jafnframt er svo ákveðið, að vottorðið skuli gilda í 12 mánuði.

Sankvæmt 35. gr. laganna er gert ráð fyrir, að fyrirtæki séu skoðuð oftari en einu sinni á ári, en sankvæmt ákvæðum 45. gr. skal skoðunarvottorðið gilda í 12 mánuði. Þetta virðist ekki geta samrýmzt. Hvers vegna á að skoða fyrirtæki ef til vill oftari en einu sinni, á meðan 12 mánaða skoðunarvottorð þess er í gildi? Og hvi á að gefa 12 mánaða skoðunarvottorð fyrirtæki, sem öryggismálastjóri álitur, að skoða þurfi oft á ári vegna eðlis vinnunnar?

Margar vinnustöðvar, sem eftirlitið á að hafa eftirlit með, eru þess eðlis, að þær eru breytilegar frá degi til dags. Má þar t. d. nefna sand-, malar- og grjótnám, verkpalla við byggingar, vinnu í geymum og kerjum og alls konar farandvélar. Er það augljóst, að slíkum vinnustöðvum er ekki hægt að gefa 12 mánaða skoðunarvottorð.

Sé ákvæði sett inn í löginn til þess, að eftirlitið hafi aðhald um tíðni skoðana, virðast ákvæði 35. gr. nægja. Sé ákvæðið hins vegar sett í löginn til þess, að ekki sé hægt að krefja fyrirtæki um eftirlitsgjaldið, nema það hafi verið skoðað, er því náð með því orðalagi, sem lagt er til að greinin fái.

Allflest fyrirtæki fá einhverja athugasemd frá eftirlitinu árlega og geta því ekki fengið vottorð um, að allt sé í lagi þegar við fyrstu skoðun. Er þá eftirlitinu fyrirhafnar- og kostnaðarminnst að framkvæma eftirskoðun, þegar ferð fellur næst um sömu slóðir. Ekki er það nærri alltaf, að bætt hafi verið úr öllu, þegar skoðað er öðru sinni, og verður þá að gera eitt af þrennu, að stöðva starfræksluna, þar til lagfæringar hafa farið fram, kæra og beita sektum eða gefa nýjan frest með áminningu. Ekki er víst, að það, sem ábótavant er, sé svo alvarlegs eðlis, að heimilt sé að stöðva reksturinn, og er þá ekki um annað að gera en að kæra og beita sektum eða gefa áminningu og nýjan frest. Hvort tveggja frestar því, að hægt sé að gefa starfsemi skilvæmni skoðunarvottorð, og af því leiðir eina aukaskoðun og oft einnig ferðakostnað. Eðlilegast virðist, að eftirlitsgjald sé kræft, þegar er fyrirtæki hefur fengið fyrstu skoðun hvert ár, en ekki að gjalddagi sé bundinn við fullnaðarskoðunarvottorð, sem gefið sé út, þegar bætt hefur verið úr öllu því, sem athugavert kann að hafa verið.

Varðandi innheimtu gjaldanna er eðlilegast, að hún sé falin lögreglustjórum eins og innheimta annarra opinberra gjalda, eins og verið hefur til þessa og eins og fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að hún yrði.